



„Á s. l. vetri urðu verulegar breytingar á launakjörum alþingismanna. Laun þeirra hækkuðu svo mikið, að alþingismenn eru nú launaðir eins og ýmsir þeir embættismenn þjóðarinnar, sem gegna hinum ábyrgðarmestu störfum.

Breytingin fól í sér viðurkenningu á því, að þingmennska væri starf, sem launa bæri sómasamlega, enda er það skoðun, sem ýmsir reyndustu þingmenn hafa haldið fram, að starfið á Alþingi og sambandið við kjósendur í kjördæmunum sé orðið það umfangsmikið, að meira verði ekki af mönnum krafizt, ef leysa eigi það bæri-lega af hendi.

Þótt þetta tvennt: sjálf launakjör þingmanna og matið á starfi þeirra, hafi breytzt, er annað óbreytt: Opinberir starfsmenn og embættismenn geta eftir sem áður gegnt störfum sínum í orði kveðnu og tekið fyrir allt að 60% laun — og aldrei minna en 30% af launum. Augljóst er, að þessi skipan mála er ekki sæmandi: Menn gegna ekki tveimur ábyrgðarmiklum störfum, sem þeir taka fyrir laun — þótt skert séu — með fullum afköstum. Starfið á Alþingi, sem hið nýja launakerfi viðurkennir, að sé fullt starf, eða hið opinbera þjónustustarf eða embættisverk hlýtur að líða fyrir þetta fyrirkomulag, nema hvort tveggja gjaldi þess. Mörg dæmi mætti nefna, sem sanna, að störf á Alþingi hafa tafizt, af því að þingmaður var önnum kafinn í hinu starfi sínu einhvers staðar í borginni. Alþingi er hér sjálft að leggja blessun sína yfir slæleg vinnubrögð í hinum þýðingarmestu störfum. Slíkt eykur eigi virðingu löggjafarsamkomunnar.

Sú spurning kann að vakna, hvort þessi skipan, sem tillagan felur í sér, kunni ekki að leiða til þess, að menn í opinberri þjónustu fælist frá því að gefa kost á sér til þingmennsku. Til þess má auðvitað ekki koma. Það verður að telja eðlilegt og raunar sjálfsgagt, að þessir menn haldi fyrri störfum sínum formlega og geti tekið til við þau að þingsetu lokinni og þeim sé jafnvel að öðrum kosti gefin trygging fyrir því að fá a. m. k. sambærilega launuð opinber störf og þeir áður gegndu. Við teljum þó, að tvær undantekningar ættu að vera frá þessu: Dómarar og bankastjórar, sem bjóða sig fram til Alþingis, ættu að segja lausu starfi sínu. Það hæfir ekki, að menn í þessum tveimur störfum taki þátt í kosningaráttu.

Óhjákvæmilegt væri þó að setja tímatakörk á það, hve lengi mætti geyma opinbert starf fyrir alþingismann. Stytztími væri eitt kjörtímabil, lengsti tími tvö.

Í nánum tengslum við þetta mál er staða ráðherra, sem jafnframt eru alþingismenn. Enda þótt þeir haldi óskertu þingfararkaupi auk ráðherralauna, taka þeir ekki þátt í nefndastörfum á Alþingi, sem er vissulega gildur þáttur þingmennskunnar. Það er skoðun flutningsmanna, að Íslendingar ættu að taka upp þann hátt, sem á er hafður í Noregi, að ráðherra víki úr þingsæti, en varamaður taki sætið, meðan ráðherradómur hans stendur. En auðvitað verður ráðherra eftir sem áður að hafa rétt til að sitja þingfundi og taka þátt í umræðum, eftir því sem hann telur þörf á. Þessi breyting á skipan mála gæti líka réttlætt endurskoðun á launakjörum ráðherra, sem vitaskuld eiga að hafa hin hæstu laun, svo sem ábyrgð starfsins og erfiði gefa tilefni til.

Loks viljum við vekja athygli á einu atriði í sambandi við störf alþingismanna. Um leið og þetta er orðið heilsársstarf, er ástæða til að nýta starfskrafta þeirra betur en gert hefur verið og stuðla jafnframt að því, að þeir geti rækt það af meira innsæi en verið hefur til þessa. Hér höfum við í huga þann hátt, sem tíðkaður er víða um lönd, að fastanefndir löggjafarþings starfi í þinghléum, m. a. með því að fara á vettvang víðs vegar um landið til þess að kynnst af eigin raun þeim málum og viðfangsefnum, sem þær eiga að fjalla um. Þetta gæti líka verið gagnlegt til þess að vega upp á móti því sérfræðingaveldi, sem ýmsir hafa haft áhyggjur af í seinni tíð. Í nýjum vinnubrögðum þingmanna af þessu tagi fælist sú grundvallarbreyting á starfi fastanefnda Alþingis, að þær ættu sjálfar frumkvæði að málum í stað þess, sem tíðkamt hefur, að þær taki aðallega við því, sem að þeim, er rétt.

Að okkar hyggju mundi sú skipan mála, sem við höfum hér hreyft, stuðla að aukinni virðingu Alþingis og enn fremur að hinu, að það beri nafnið löggjafarsamkoma betur með rentu en áður.“